

Karлакór Hreppa- manna

og Fóstbræður

halda

Stórtónleika

Í Selfosskirkju kl. 16.00 og
Í Íþróttahúsinu á Flúðum kl 21.00
laugardaginn 19. mars

Stjórnendur: Edit Molnár og Árni Harðar-
son

Píanóleikari: Miklós Dalmay



181. tbl. 15. árgangur

Mars 2005

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Samningur um gerð auðlindakorts

Íslenskar orkurannsóknir og Hrunamannahreppur hafa gert með sér samning um gerð auðlindakorts af Hrunamannahreppi. Sveitarstjóri og veitustjóri fóru á fund þeirra Kristjáns Sæmundssonar og Gríms Björnssonar á dögnum þar sem gengið var frá samningnum. Orkusjóður styrkir gerð þessa korts með kr. 3.000.000 framlagi en hreppurinn leggur einnig peninga sem mótframlag við gerð kortsins. Helstu verkþættir eru gerð stafræns kortagrunns, kortlagning jarðhitastaða, jarðfræðikortlagning, yfirlit um borholur, viðnámsmælingar og hitastigulskort. Hér er um afar spennandi verkefni að ræða og getur nýst okkur í framtíðinni. Við vonum og treystum á að jarðeigendur í Hrunamannahreppi taki þessu vel því hér getur verið um mikla framtíðarhagsmuni að ræða fyrir íbúa hreppsins.

Efnisyfirlit

Græn stóriðja -
erindi sveitarstjóra.

Fréttir frá hreppskrifstofu

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

15.apríl

Skilafrestur á efni:

11.apríl

Frá sundlauginni á Flúðum Opnunartími um páskana.

Skírdagur 24. mars 13:00-18:00

Föstudagurinn langi 25. mars

Lokað

Laugard. 26.mars 13:00-18:00

Páskadagur 27. mars Lokað

Annar í páskum 28 mars 13:00-

18:00

Græn stóriðja, sjálfbært sveitarfélag.

Talið er að um 80% af allri ylraekt og garðyrkju fari fram hér í Hrunamannahreppi. Þess vegna erum við mjög háð öllum sveiflum sem eiga sér stað í náttúrunni, í sölumálum og stjórnvaldsaðgerðum og öðru sem veruleg áhrif getur haft á rekstrarskilyrði þessarar atvinnugreinar. Það gerist allt of oft að lög eru sett og taka gildi áður en allir þræðir eru bundnir. Þessu fengu garðyrkju- og blómabændur að kynnst í upphafi árs þegar ný raforkulög tóku gildi og ekki var fyrirséð með hvaða hætti yrði farið með samkomulag sem ríkisstjórnin hafði áður gert við garðyrkjubændur, en féllu í raun úr gildi við gildistöku langanna. Sem betur fer tók ríkisstjórnin af skarið um miðjan febrúar og nú er tryggt að staðið verður við áður gerða samninga. Hér er um talsverðar upphæðir að ræða en viðbótin er 55 milljónir króna. Þetta leiðir til þess að garðyrkju- og blómabændur geta haldið áfram að þróa framleiðsluvöru sína. Ástæða þess að ylraekt gengur betur hér í Hrunamannahreppi en annarsstaðar í landinu er lágt verð á heitu vatni sem er verðmætasta orkulind okkar hér í hreppi. Á dögnum fór ég með gestum sem heimsóttu hreppinn í eitt af stærstu garðyrkjubýlum hreppsins og þar kom fram að greiddar voru að m.t. 2.5 milljónir á mánuði fyrir raforku en um 80. þús. kr. fyrir heita vatnið. Þarna er um háar upphæðir að ræða og verulegt misvægi verðs milli orkugjafa. Hrunamannahreppur og Hitaveita Flúða hefur fengið kr. 3.000.000 úr Orkusjóði til þess að kortleggja orkusvæði í hreppnum. Þessi fjárhæð kemur sér vel og mun Kristján Sæmundsson stjórna rannsóknum í beinu framhaldi af því sem hann gerði árið 1976 með stúdentum. Hafist verður handa nú í vor og er Hrunamannahreppur fyrstur hreppa til þess að gera slíka könnun og kortlagningu. Hver veit nema þessar rannsóknir leiði til þess að hægt verði að framleiða hér rafmagn í framtíðinni þannig að ylreктarbændur framtíðarinnar verði sjálfum sér nægir í þessum efnum og stuðla þannig að sjálfbærri þróun í hreppnum.

Hrunamenn

JAKO



Þeir sem hafa áhuga á að eignast nýja JAKO félagsgallann vinsamlegast hafi samband

í síma: 566 7310

Kirkjuskólinn:

Við höfum verið með barnastarfið í Hrunakirkju á sunnudagsmorgnum kl.11.

Eins og þau vita sem komið hafa til þessa starfs þá hefur Eeva Johanna Sutinen sem vinnur hér að garðyrkjustörfum í sveitinni, verið mér ómetanleg hjálparhella í þessu starfi. Aðsóknin mætti auðvitað vera meiri en þó má segja að ákveðinn fastur kjarni sækir þetta starf af trúfesti og gerir það að ljúfri skyldu að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Nú eru aðeins tvær samverur eftir: 13. mars og lokastund á pálma-sunnudag 20. mars kl. 11.

Fermingar:

Fermt verður þrisvar í Hrunaprestakalli.

Áætlaðir dagar eru: 24. apríl í Hruna kl.13, 14. maí í Hreppólum kl.13 og 15. maí, Hvítasunnudag í Hruna kl. 13.

Læt ég þessu lokið að sinni, bið Hrunamönnum öllum blessunar Guðs.

Eiríkur Jóhannson Hruna. S: 4866737 Gsm 864-0802 netfang: srerik@ismennt.is

Loksins — Loksins

**Smárabingó verður haldið í Árnesi
23. mars kl 20:00
Nánar auglýst síðar**

Einnig notar Límtrésverksmiðjan mjög mikið rafmagn í sinni framleiðslu. Annað sem spennandi væri að gera er samstarf bænda og sveitarfélagsins í umhverfismálum þar sem lífrænn úrgangur yrði nýttur og þannig stuðlað að því að gera úrgang sem í dag er verðlaus að verðmætum. Gaman væri að sjá frumkvæði allra bænda í hreppnum í þessum efnum. Þetta er málaflökkur sem myndi bæta ímynd okkar til muna, bæði hvað varðar matvælaframleiðslu og í ferðaþjónustu. Átak í umhverfismálum og umgengni í hreppnum er einnig afar brýn, þar þurfa allir að leggja sitt að mörkum.

Ísólfur Gylfi Pálmason
sveitarstjóri

Fréttir frá hreppsskrifstofu

Landbúnaðarverðlaunin 2005 að Melum

Á búnaðarþingi sem nú stendur yfir voru hjónin á garðyrkjubýlinu Melum þau Sigríður Helga Karlsdóttir og Guðjón Birgisson heiðruð og hlutu hin eftirsóttu Landbúnaðarverðlaun 2005. Þau hjónin eru vel að þessum verðlaunum komin en þau framleiða tómatu undir 5000m² gróðurhúsum. Þetta er engin smásmíði eða hálfur hektari. Framleitt er allt árið um kring. Snyrtimennska og natni einkennir allt starf þeirra. Einnig er eftirtektarvert á hvern hátt þau aðstoða erlent starfsfólk sitt við að fóta sig á Íslandi. Við óskum þeim hjónum og starfsfólki þeirra til hamingju með viðurkenninguna.

Hollendingar sækja um lóð

Hollenskt fyrirtæki hefur sótt um og fengið úthlutaðri lóð við Flúðir. Þeir hafa í hyggju að reisa hér 2000 m². gróðurhús og rækta þar potta-blóm. Unnið er að undirbúningi þessa máls en Bjarni Jónsson, endurskoðandi og Einar Jónsson, verkfræðingur frá Neðra-Dal í Biskups-tungum eru tengiliðir Hollendingana við heimamenn. Hér er ekki um neina samkeppni við heimamenn að ræða heldur viðbót við þá flóru sem hér er

Flúðasnakk í Samkaups og Bónusbúðir

Það er ánægjulegt þegar íbúar okkar af erlendum uppruna festa hér rætur og taka þátt í íslensku samfélagi. Það gera svo sannarlega pólsku hjónin Bozena Maria og Michal Jersy Jozefik. Um tíma hafa nokkrar Samkaupsbúðir selt Flúðasnakk sem þau framleiða. Nú eru þau að framleiða upp í pöntun fyrir allar Bónusbúðirnar. Innan tíðar munu verða kynningar á Flúðasnakki í Bónusbúðinni á Selfossi, sem Hreppamaðurinn okkar Björgvin Magnússon stýrir. Vonandi gengur vel að selja Flúðasnakkið sem framleitt er í nokkrum bragðtegundum og er mun hollara en annað snakk. Hér er svo sannarlega um heilsusnakk að ræða.

Fundur með fulltrúum Límtrés

Sveitarstjóri og oddviti Hrunamannahrepps hittu á dögnum forsvarsmenn Límtrés, þá Stefán Loga framkvæmdarstjóra og Guðmund Ósvaldsson f.v. framkvæmdastjóra. Þar var farið yfir framtíðaráform fyrirtækisins og þeir fullvissuðu okkur um að starfsemin yrði í stórum dráttum óbreytt hér á Flúðum hjá fyrirtækinu. Hins vegar stendur til að breyta og bæta alla starfsmannaaðstöðu, kaffistofu, skrifstofu o.fl. Það er auðvitað mjög ánægjulegt til þess að vita. Undirstaða hvers fyrirtækis er gott og ánægt starfsfólk. Skrifstofuaðstaðan gæti einnig leitt til þess að fleiri tæknimenn starfi hér.

30 metra löng límtrésbrú

Meðal fjölmargra verkefna sem Límtré vinnur að er ný brú yfir Straumfjarðará og tengist svokallaðri Múlavirkjun. Brúin er hin myndalegasta gerð úr límtré, bárujárni og áli. Brúin er mjó og á að nýtast fyrir léttari tæki. Æ algengara er að límtré sé notað í umferðarmannvirki erlendis t.d. eru trébrýr notaðar í Noregi sem búnar eru til úr límtré. Límtrésbrýr hafa ekki síðri og í mörgum tilfellum betri endingu en steinsteyptar brýr. Hver veit nema langþráð brú yfir Hvítá við Bræðratungu verður úr límtré frá Flúðum. Það yrði í raun táknað dæmi um góða samvinnu uppsveitarsveitarfélaganna en “gömlu” oddvitarnir lögðu grunn að henni.

Útfarir

Jón Stefánsson frá Götu var jarðsunginn frá Skálholtskirkju 10. nóvember 2004. Jarðsett var í Hrepphólakirkjugarði. Jón var fæddur 19. júní 1952 og lést 1. nóvember sl.

Guðmundur Sigurdórsson, Akurgerði 1 Flúðum var jarðsunginn frá Hrunakirkju 16. desember 2004. Guðmundur var fæddur 5. september árið 1921, hann lést 10. desember sl.

Elisabet Kristjánsdóttir frá Hrepphólum var jarðsungin frá Hrepphólakirkju 29. janúar sl. Hún var fædd 12. maí árið 1909 og lést 20. janúar 2005.

Þóra Tómasdóttir Reykjabakka var jarðsungin frá Hrunakirkju 11. febrúar sl. Hún var fædd 10. september árið 1917 en lést 2. febrúar 2005

Eiríkur Jónsson frá Berghyl var jarðsunginn frá Hrunakirkju 26. febrúar sl.

Hann var fæddur 31. júlí árið 1920. Hann lést 15. febrúar 2005.

Vegna óvissu um verkalok í Hrepphólakirkju er hér ekki birt áætlun um helgihaldið.

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00
Þriðjudaga 16:00-18:00
Miðvikudaga 16:00-18:00
Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

Hrunamannahreppur

Skrifstofan er opin,
frá kl 9-12 og 13-16.
Mánudaga til föstudaga

Hrunaspjall

Fréttir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Of langt er nú um liðið frá því síðast var sendur pistill í Pésann. Óvenju margir hafa horfið á braut undanfarna mánuði. Guð blessi minningu þeirra allra og líti með líkn til fjölskyldna og vina. Nú standa yfir endurbætur á Hrepphólakirkju innan dyra, verið að mála og endurnýja ýmislegt. Segja má að þetta sé lokahnykkur á magra ára endurbótasögu kirkjunnar og umhverfis hennar. Er það öllum viðkomandi til mikils sóma hversu vel er staðið að öllum hlutum er tengjast kirkjunni í Hrepphólum.

Verið er að vinna undirbúningsvinnu vegna stækkunar kirkjugarðsins í Hruna. Verður það gert eftir kröfum nútímans og er því heilmikil framkvæmd, gert ráð fyrir vélbærum stígum meðfram fyrirhuguðum legstæðum.

Ekki er víst að allir hafi tekið eftir því en búið er að gera vandaða legstaðaskrá yfir kirkjugarðinn og er mappa með korti og nafnalista aðgengileg í andyri kirkjunnar.

Úr Kirkjubókinni

Skírnir

Anna Mary var skírð í Hrepphólakirkju 12. nóvember 2004. Hún er fædd 16. október 2004. Foreldrar: Ásdís Erla Jóhannesdóttir frá Syðra-Langholti og Yngvi Ragnar Kristjánsson. Þau búa á Skútustöðum við Mývatn.

Bergey var skírð í heimahúsi að Reykjum á Skeiðum. Hún er fædd 27. október 2004. Foreldrar: Kristjana Skúladóttir, frá Miðfelli og Freyr Ólafsson, þau búa á Kirkjuteigi 31 í Reykjavík

Sveinn Jökull var skírður í Hrunakirkju 30. janúar. Hann er fæddur 8. janúar 2005.

Foreldrar: Eva Marín Hlynisdóttir og Sveinn Hannes Sveinsson, Hrafnkelsstöðum.

Byggt við hótelið

Þau eru ekki af baki dottin hóteltjórahjólin sem greinilega eru að festa rætur hjá okkur. Nú er hafin viðbygging við aðalsal hótelsins sem verðu stækkaður talsvert og myndast þá enn betri aðstaða til þess að taka á móti stærri hópum og ráðstefnum. Gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum ljúki með vorinu. Að sjálfsögðu nota þau límtré frá Flúðum í þessar framkvæmdir. Þeim Margréti og Guðmundi er óskað gæfu og gengis. Ferðaþjónustan hér skiptir samfélagið miklu máli eins og reyndar allur annar atvinnurekstur sem hér er.

ÁSÆL félag um verndun sæluhúsa

Aðalfundur áhugafélags um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna sem nefnist ÁSÆL hélt aðalfund sinn í Golfsskálanum í Efra-Seli. Margt var sér til gamans gert því þetta var í raun um leið árhátíð félagsins. Myndarsýning var frá uppbyggingu grjóthússins í Leppi-stungum. Loftur Þorsteinsson í Haukholtum flutti skemmtilegt ljóð eftir frænda sinn Gest heitinn Oddleifsson, sem fjallaði um uppbyggingu leitarmannaskála á Hrunafrétti. Ljóðið birtist aftur í Pésanum og er skemmtilegur vitnisburður um samstillt átak Hrunamanna í þessum efnunum.

Dansað og duflað á hjónaballi.

Ein stærsta skemmtun ársins í sveitinni er hjónaballið góða sem haldið var um síðustu helgi. Hjónaballsnefndin stóð sig með miklum ágætum og einhver hafði á orði að erfitt **verði** að toppa þetta næst eins og ungvíði myndi kalla það. Víst er gaman þegar vel tekst til. Að vanda komu ýmsir óvæntir leikarar fram sem stóðu sig vel. Maturinn var rómaður enda er talað um að hugsanlega verði skortur með haustinu á lambakjöti. Hvort það er þessari skemmtun að kenna eða þakka skal ósagt látið en öllum þeim sem lagt hafa ómælda vinnu til undirbúnings og framkvæmdar er þakkað og við erum viss um að ný nefnd mun ekki síður standa sig vel á næsta hjónaballi.

Allir komu þeir aftur.....

Eins og sagt var frá í síðasta Pésa fóru oddvitar og sveitarstjórar, bygginga-skipulags og ferðamálafulltrúi í námsferð til Norðurlandanna á dögunum m.a. til þess að kynna sér skipulagsmál í landbúnaðarsamfélögum, frístundabyggðir o.fl. Góður rómur var gerður af ferðinni og margt fróðlegt að sjá og heyra. Skipulagsfulltrúi er að taka saman helstu niðurstöður. En hægt er að lesa um ferðina á slóðinni sveitir.is. Lög um skipulagsmál eru mjög lík á Íslandi og Svíþjóð og Noregi með ákveðnum undantekningum. Í Danmörku er nánast hver lófastór blettur byggður og eru aðrar útfærslur á skipulagslögum þar. Ferðin var afar fróðleg og hjálpar okkur í útfærslum á þessum vaxandi og viðkvæma málaflokki.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps

Tillaga að nýju aðalskipulagi Hrunamannahrepps er nú í auglýsingaferli. Skipulagstillögurnar og forsendur eru til sýnis á skrifstofu Hrunamannahrepps, sem opin er frá kl. 9.00 til 12.00 og 13.00 til 16.00. Athugasemdir við skipulagið verða að berast skrifalega fyrir kl. 16. 00, miðvikudaginn 6. apríl n.k. Mikil vinna liggur að baki þessara tillagna, einn af lykilmönnum heimamanna í þeirri vinnu hefur verið Ragnar Magnússon í Birtingaholti.

Örn og súluöspin

Það er gaman að fylgjast með því hve margir hér í hreppnum eru með græna fingur. Hér er hver sérfræðingurinn á fætur öðrum þar sem allt sprettur í kringum þá. Einn þeirra er Örn Einarsson. Hann er mikill áhugamaður um skógrækt. Þar sem kona hans Marit er norsk fara þau oft til Noregs. Þaðan kemur hann gjarnan með fræ sem hann sáir. Nú er Örn farinn að rækta afbrigði af ösp sem nefnist súluösp. Líklega er hann einn af fáum Íslendingum sem reyna þessa ræktun. Að sögn Arnar tengist súluöspin á engan hátt skemmtistöðum sem tengja sig við súlur. Hins vegar færu þær reyndar vel fyrir framan Útlagann á Flúðum.

Tónleikar Karalakórs Hreppamanna.

Stundum er vitnað í ljóð Tómasar Guðmundssonar þar sem hann segir um þróstinn: “þenur brjóst og sperrir stél” en það er einmitt það sem Karalakór Hreppamanna ætlar að gera 19. mars n.k. ásamt Karalakórnum Fóstbræðrum sem verður gestakórinn að þessu sinni. Ekki er hætta á öðru en að kórarnir geri meira en að “þenja brjóst og sperra stél” enda



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Alla virka daga

Frá: VM Flytjanda

Klettagördum 15, kl: 15:00

Frá Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370 Bilstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@hvippinn.is



VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbæð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00

Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00

Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum



NHH-Stafrænar ljósmyndir

Viðskiptaskólinn ehf. hyggst standa fyrir námskeiði í stafrænni ljósmyndun í Brautarholti.

Á þessu námskeiði verða nokkrar einfaldar vinnslur á stafrænar myndavélar teknar fyrir.

Kennd verða grunnatriði ljósmyndunar, hvernig flytja á myndir í tölvur, nokkur einföld atriði til lagfæringar á ljósmyndum o.fl.

Myndirnar verða síðan prentaðar út, settar á heimasíðu og gerður geisladiskur til skoðunar í sjónvarpi. Nemendur fá afhentan allan hugbúnað sem notaður er á námskeiðinu án sérstaks endurgjalds.

Námskeiðið hefst mánudaginn 14. mars kl. 19. Námskeiðstímar eru mánud. 14. og miðvikud. 16. milli kl. 19 – 22 og laugard. 19. milli kl. 09 – 12. Örfá sæti laus.

Sérstök áhersla er lögð á einfaldar vinnslur fyrir hinn almenna tölvunotanda.

Lengd 9 klst (13,5 kennslust.) Verð kr. 15.000

Innritun í síma 482 4826 eða á netfang jonas@vidskiptaskolinn.is
www.vidskiptaskolinn.is

Kökubasar.—Kökubasar—Kökubasar

Kökubasar Foreldrafélags Undralands verður laugardaginn

19. mars í Versluninni Strax milli kl. 14:00 og 16:00.

Styrkið leikskólann og kaupið köku.

Fyrstir koma fyrstir fá

Kökubasarsnefnd

mikið af látúnsbörkum í þessum kórum. Fyrri tónleikarnir verða kl. 16.00 í Selfosskirkju og þeir síðari í Íþróttahúsinu á Flúðum og hefjast þeir kl. 21.00. Edit Molnár stjórnandi kórsins hefur staðið í ströngu við að temja allar þessar karlaraddir. Velunnarar kóranna og góðrar tónlistar eru hvattir til þess að mæta.

Sveitarstjórinn slóst í hópinn með kennurunum

Á dögunum kenndi sveitarstjórinn einn tíma í 10. bekk í Flúðaskóla. Þetta var í svokallaðri samfélagsfræði. Þetta var einkar ánægjuleg stund og er greinilega uppvaxandi kynslóð hér sem er hugmyndarík og tilbúinn að taka við stjórn sveitarfélaganna og landinu öllu þegar þeirra tími kemur. Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðaskólastjóri stóð fyrir þessu og er þetta gott skref á þeirri vegferð að efla enn jákvætt samstarf skólans og sveitarfélagsins. Annars gera kennararnir grín að því að sveitarstjórinn eigi til að koma á föstudögum kl 10.10 í löngu frímínútunum í skólanum og þá á hann einhverra hluta vegna oft í erfiðleikum með að tala, sem háir honum ekki oft. Ef hann talar getur verið erfitt að skilja hann, þetta tengist eitthvað veitingum sem eru á kennarastofunni á þessum tíma.

Karl Gunnlaugsson aðlaður

Hinn síungi ungmennafélagi Karl Gunnlaugsson lét sig ekki vanta á síðasta þing HSK. Að þessu sinni var Karl sæmdur gullmerki Íþrótt- og ólympíusambandsins. Karl er vel að þessari viðurkenningu kominn og við óskum honum til hamingju með hana. Nú er bara spurningin hvort Kalli skartar merkinu þegar hann fer að munda golfkylfurnar í sumar. Það væri ekki amalegt að fara holu í höggi með merkið í barminum.

Öldrunarnefndin bregður undir sig betri fætinum

Nefndin sem skipuð hefur verið til þess að kanna möguleika á uppbyggingu bættar aðstöðu fyrir aldraða í Hrunamannahreppi vinnur ötullega og markvisst. Á dögunum brá hún sér í skoðunarferð fyrst að Lundi á Hellu, en þar er rekið svokallað hjúkrunarheimili. Þaðan lá leiðin austur á Hvolsvöll en þar er dvalaheimilið Kirkjuhvoll. Það var upphaflega byggt sem þjónustuíbúðir fyrir aldraða þar sem fólk bjó sjálfstætt og hugsaði mest um sig sjálft. Þróunin hefur hins vegar verið þannig að flestir heimilismenn eru með stöðu vistmanna dvalarheimilis auk þess sem nýlega hafa bæst við fjögur hjúkrunarrúm. Frá Hvolsvelli var ferðinni heitið í Þorlákshöfn. Þar er þjónusturými í beinum tengslum við tvær raðhúsallengjur sem standa samhliða með yfirbyggðri göngugötu á milli. Ferðin var hin fróðlegasta og vinnur nefndin áfram ötullega að söfnun hugmynda og er ánægjulegt hve faglega nefndin starfar.

Samið við INTRUM um innheimtu.

Sveitarsjóður Hrunamannahrepps og Hitaveita Flúða og nágrennis hafa nú samið við fyrirtækið Intrum á Íslandi um innheimtu vanskilaskulda. Þannig komum við innheimtumálum í enn fastari skorður en verið hefur. Sem betur fer standa lang flestir íbúar Hrunamannahrepps í skilum við hreppinn og hitaveituna og er þeim þökkud skilvísín. Grunnur þess að hægt sé að halda úti þeirri fjölbreyttu þjónustu sem sveitarfélagið heldur úti er að íbúarnir standi í skilum. Það eru gerðar miklar kröfur til okkar um þjónustu en hún kostar vissulega mikla peninga. Við munum senda út á næstunni viðskiptayfirlit fyrir síðasta ár og við hvetjum alla þá sem skulda okkur að gera upp hið fyrsta til þess að komast hjá aukakostnaði og alls konar óþægindum sem af vanskilum hljóta.

Áfram Hrunamenn!

Það er gulls í gildi að hafa hér fólk sem er ötult að leiðbeina og hjálpa æskulýðnum okkar. Einn þeirra mörgu sem eru duglegir við það er Árni Þór Hilmarsson íþróttakennari. Hann hefur m.a. þjálfað kvennalið í körfuknattleik í 8. flokki. Um helgina verður Íslandsmót hér á Flúðum í þessum flokki þar sem 10 lið leika til úrslita. Við hvetjum fólk til þess að mæta í íþróttahúsið og hvetja okkar konur til sigurs. ÁFRAM HRUNAMENN

Bridsmaður ársins 2004

1. Karl Gunnlaugs-son	2. Guðmundur Böðvars-son	3. Gunnar Marteins-son	4. Jóhannes Sigmunds-son	5. Viðar Gunngeirs-son	6. Pétur Skarphéð-insson	
5	4	0	3	0	0	Tvenndarkeppni
5	0	4	5	4	2	Aðaltvímenn-ingur
3	5	4	3	4	3	Sveita keppni
4	5	5	2	0	4	Haust Tvímenn-ingur
0	1	3	4	5	3	Eimenn-ingur
4	1	3	0	0	0	Topp 16
3	5	0	1	0	0	Bronsstig alls
24	21	19	18	13	12	Samtals

Mig langar til að þakka fyrir það sem mér finnst vel gert í sveitinni. Það er nóg fyrir krakkana að aðhafast í íþróttum og þau geta öll fundið eitthvað við sitt hæfi í þeim geira. Barnastarfið í kirkjunni er ekki síður mikilvægt og þar er lögð áhersla á söng,leiki og fræðslu allt í bland. Skólinn okkar hér er góður og ég held að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hve miklu máli skiptir að hafa góða kennara og starfsfólk.

Mig langar einnig að minnast á gönguferðirnar sem farnar hafa verið hér á sumrin, þetta er frábært framtak og maður lærir alltaf eitthvað nýtt um sveitina í þeim.

Mér finnst oft vanta að fólki sé hrósað fyrir það sem vel er gert en frekar sett út á það sem miður fer. JHG

Nuddstofa Elsu

Gjafabréf frá Elsu er notaleg gjöf.-

NÝTT !! NÝTT!! - HEITT STEINANUDD.

Heitt steinanudd verkar á bandvefi, vöðva og vöðvafestingar. Það bætir blóðflæðið í vöðvunum og þeir verða mýkri og teygjanlegri heldur en í köldum vöðvum. Þannig færð þú meiri árangur af nuddinu og meiri og betri hvíld.

Steinarnir sem eru notaðir í meðferðinni eru eru hitaðir í 60°C. Síðan eru þeir notaðir með olíu til að nudda þau svæði sem þarfnast meðhöndlunar.

NÝTT !! – BOWEN TÆKNI – er einföld og mjúk meðferð sem hvetur líkamann til að laga sig sjálfann. Þ.e. að örva líkamann til sjálfslækningar þann kraft og hæfni sem við búum yfir og getum örvað.

Áhrifin af **BOWEN** meðferðinni er djúp og slakandi.

BOWEN hefur reynst vel gegn
VEFJARGIGT – SÍNASKEIÐABÓLGUM – GRINDARGLIÐNUN- TÍÐAR-
VERKJUM
HÖFUÐVERKJUM- ÍÞRÓTTAMEIÐSLUM-
SOGAÆÐAKERFISVANDAMÁLUM
SKEKKJUR Í LÍKAMANUM T.D. VEGNA RANGRA VINNUSTELLINGA
EÐA
ANNARS ÁLAGS – STRESS OG STREITA.

Annað sem alltaf er í boði.

Klassíkt nudd
Slökunarnudd
Nudd gegn vöðvaverkjum

ELSE NIELSEN
NUDDFRÆÐINGUR OG BOWENTÆKNIKER.
Upplýsingar og tímapantanir í síma 690-6024

Vorið vonandi á næsta leyti!

Nú er vorið vonandi á næsta leyti. Þá er ástæða til að huga að umhverfismálum. Við megum taka okkur taki í þeim efnum þó mjög margir hér séu til mikillar fyrirmyndar í þessum efnum. Við búum í einum fegursta hreppi landsins, þess vegna megum við ekki láta það henda okkur að umgengnin sé ekki í lagi. Eitt af því sem við erum afar ósátt við er að merkingar hér á götum o.fl. fá ekki að vera í friði. Það er auðvitað alveg óviðundandi að geta ekki merkt götur o.þ.h. án þess að þau séu rifin niður jafnharðan. Tökum nú höndum saman og reynum að koma í veg fyrir að merkingar séu skemmdar hér og eyðilagðar.

Merkilegar vísur um uppbyggingu fjallakofa frá 1953

Gestur Oddleifsson frá Langholtskoti var móðurbróðir Haukholta bræðra, þeirra Oddleifs og Lofts. Hann var einnig bróðir Jóns Oddleifssonar sem lengi var húsvörður í Félagsheimili Hrunamanna. Gestur var hagrýðingur góður en lét ekki mikið á því bera. Nokkuð er þó til af vísunum eftir Gest m.a. vísur sem hann orti þegar byggðir voru fjallakofar í Ásgarði og Leppistungum árið 1953. Vísur þessar eru birtar hér enda mjög merkileg heimild um þennan atburð.

Ekið í Leppirstungur í september 1953.

Fórum úr Hreppnum 14 menn, flestir verk það lofa.
Ókum á fjöll með afmæld tvenn, efni í smalakofa.
Eitt var skýli í Ásgarð sett, ætlað fyrir Hesta,
en verður jafnt það veit eg rétt, vanhús næturgesta.
Ókum svo um Öræfinn, allt í Leppirstungur.
Það voru minni þægindinn, þegar eg var ungur.
Höfðu piltar handtök greið, hús þar óðar reistu.
Eftir tveggja eykta skeið, aftur burtu þeystu.
Vestanundir Vörðuhól, vanda bar að höndum,
brast í öðrum Bílnum hjól, blautum út á söndum.
Snillingarnir býsna brátt, bættu úr þessum vanda.
Eflaust hefði einhver mátt, af þeim sökum stranda.

Segi ei lengri sögu af þeim, seggjum valinkunnu,
allir komu heilir heim, hrósuðu verki unnu.
Fengu virðing firðum hjá, ferðagarpar stóru.
Hér skal reynt að herma frá, hverjir þetta vóru.
Fyrirliði fenginn var, fullhuganna mestur,
þyngsta dagsins birði bar, bóndi á Seli Gestur.
Ók af snilli örvagrér, er það vert að þakka,
kostum búinn Kristófer, knár á Grafarbakka.
Annar mætur ökuþór, ekki gjarnt að slóra,
frá Miðfelli hann Magnús fór, meður Trukkinn stóra.
Hellisholta húsbóndinn,- hverju mjög á ríður –
Olgeir hefur hagleikinn, hamrar allt og sýður. (Logsýður)
Bjarni sem að byggir Foss, bæði af list og vana,
seint og snemma sagt er oss, sansar Mótorana.
Bróðir hans hann Haraldur, hreinulofiti feginn,
lengi hefur langstígur, labbað mentavegin.
Þorsteinn heitir hugaður, á Haukholtunum býr hann,
öll við störfín öruggur, enga skyldu flýr hann.
Magnús bóndi í Bryðjuholti, burða sinna neytir
mesti ferða fullhugi, fús í eftirleitir.
Aldrei gleymist Guðmundi, að gegna skyldukvöðum.
Einhver besti bústólpi, býr á Högnastöðum.
Þá má telja horskann hal, höldum meður tjáðum,
röskvann Hörð í Reykjadal, reyndann mjög að dáðum.
Kaldbaksbóndinn Kristmundur, kunnur öræfonum,
öllum ferðum alvanur, enn er lið að honum.
Guðmund má og mynnast á, margoft gleði vekur,
þverspyrnu er þessi frá, þráfált lagið tekur.
Bryngeir djarfur Dalbæ frá, dugmikill að vonum,
líka hefur liðkast á, líkams íþróttunum.
Svo skal nefna sómamann, sem að Blómkvist heitir,
í Miðfelli ungur hann, orku sinni beitir.
Ártal hundruð nítján nú, nefna skal í bögu,
fimmtíu og þar við þrjú, þar með lýkur sögu.
Yrkis-gjörast-efnin smá, andans hrakar dáðum.
Lengri er ekki ljóðaskrá. Lifið heil í náðum.



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 18 mars. . 1.apríl
og 15. apríl
Pantið tímanlega.

Tímamantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

tími

Samkaup strax

Opnunar-

Mánudaga-föstudaga	9:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	12:00-17:00

Athugið breyttan opnunartíma á sunnudögum
Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax



KB BANKI

Hraðbankinn

er opin allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Breittur viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Athugið!!!!

Breytt símanúmer. 480-4700.

Frelsi í fjármálum.

Námskeið fyrir konur og karla verður haldið í Golfskálanum Snússu Ásatúni laugardaginn 19. mars nk.kl. 14:00-18:00. Frábært námskeið til að læra að laga til í fjármálunum sínum. Fyrirlesarar eru Ingólfur H Ingólfsson og Berbel Schmid, en þau hafa verið með þessi námskeið um hríð í Háskóla Íslands við góðan orðstír. Þeir sem hafa áhuga geta farið inn á heimasíðu Ingólfs spara.is. Námskeiðið kostar 18.000. kr.

Upplýsingar og skráning hjá Guðbjörgu í s: 898-6683
Skráning verður að hafa borist fyrir fimmtudaginn 17. mars nk.

Fréttir frá leikskólanum

Skólaskrifstofa Suðurlands býður skólafólki að sitja námskeið á þeirra vegum og hefur starfsfólk leikskólans verið duglegt við að nýta þessi námskeið og afla sér meiri þekkingar sem skilar sér í betra starfi. Á leikskólanum horfum við fram á við og stöndum ekki í stað, því aðlögum við starfið að þörfum barnanna. Sem dæmi um það má nefna Hringekjuna sem við byrjuðum á eftir áramót, kostir hennar eru að börnin kynnast betur innbyrðis og þau kynnast líka starsfólki á öðrum deildum. Yngstu börnin á leikskólanum njóta þessarar nýbreyttni í aðeins öðru formi, þeim er skipt í blandaða aldurshópa, þá miðla þau eldri þeim yngri af þekkingu sinni og reynslu. Leikskólinn er kominn með merki og eru hönnuðir Helena kennari og Valný Guðmundsdóttir, kærar þakkir. Starfsfólk leikskólans



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620 Netfang undraland@fludir.is



TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

Tón-
nem-

leikar
enda í

efri stigum verða haldnir í

Félagsheimili Hrunamanna

Flúðum

mánudaginn 14. mars kl. 20:00

Flytjendur koma alls staðar að úr sýslunni.

Þeir syngja og leika á ýmis hljóðfæri.

Aðgangur er ókeypis og öllum opinn

Ef þið þeysið hesti á
út á aðalvegi.
Væri ykkur gott að sjá
á dimmum vetrardegi

Hengja skal því endurskin
Bæði í hunda og hesta
Það verndar frá slysum þinn besta vin
og er öryggi hið besta

JSD
Vorkveðja frá Flúða—Taxa

Frá Félagi eldri Hrunamanna:

Aðalfundurinn verður haldinn í kjallaranum Heimalandi, laugardaginn 19. mars kl 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um ritara.

Guðrún Þorsteinsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Mætið nú vel og nýir félagar alltaf velkomnir.

Stjórnin

HÓTEL FLÚÐIR

‘Oskum eftir starfskrafti í herbergjaprif á Hótel Flúðum.

Vinnutími ca 30-40% allt árið, eins vantar okkur auka-fólk á kvöldin og um helgar.

Upplýsingar veittar á Hótel Flúðum hjá Möggu

Sími: 486-6630

Saumavél

Mig vantar saumavél ,helst Phaff 12 22

Halldóra í síma 486-5667

Tapað—fundið

Mjór gullhringur með litlum steini fannst í leigubílnum hjá mér eftir hjónaballið. Uppl. hjá Gunn s:663-0888

Frá íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga - miðvikudaga 15:30-21:00

Fimmtudaga 13:00-21:00

Föstudaga 13:00-21:00

Bón og þvottur

-Teflon-

Mættur aftur reynslunni ríkari!!

Alprif fólksbíl = 4500,- kr

Bón og þvottur fólksbíl = 3000,- kr

Alprif jeppi = 5500,- kr

Bón og þvottur jeppi = 4000,- kr

**Þvottur utan fólksbíl = 1500,- kr
(Tjöruleysir og þurrkun innifalið)**

**Þvottur utan, jeppi = 2000,- kr
(Tjöruleysir og þurrkun innifalið)**

Sæki bíla í hreppnum og skila,innifalið í verði

Vönduð vinna og fagmennskan í fyrirrúmi.

Pantanir í síma: 866-9633, Erlingur Þór